

Fyrirspurn Egils Þórs Jónssonar (S) með tölvupósti sendum 13. febrúar 2019 um opinberar birtingar heilbrigðiseftirlitsins á niðurstöðum eftirlitsskýrslna:

- a. *Er Reykjavíkurborg heimilt að birta opinberlega flokkun fyrirtækja eftir frammistöðu?*
Svar: Spurningunni átti líklega að beina til Heilbrigðiseftirlitis Reykjavíkur (HER) ekki Reykjavíkurborgar og fer svar HER hér á eftir. HER er ekki að flokka fyrirtæki eftir frammistöðumatskerfi. Hvernig slíkt kerfi á að vera hefur ekki verið ákveðið, heldur er einungis verið að birta niðurstöður úr reglubundnu heilbrigðiseftirliti, samandregnar á aðgengilegan hátt fyrir almenning eins og ríkar skyldur eru til að gera. HER vísar til ákvæða í matvælalögum nr. 93/1995 þar sem segir í 1. gr. að til að tryggja öryggi matvæla skal m.a. ná því fram með opinberu eftirliti, upplýsingamiðlun og neytendavernd. Í 2. gr. reglugerðar nr. 320/2012 um birtingu niðurstaðna vegna eftirlits með matvælum eru skýrar heimildir til að birta niðurstöður eftirlits, auk þess sem í 54. gr. lagan nr. 7/1998 er skylt að birta eftirlitsskýrslur. Ákvæði upplýsingalaga er taka til frumkvæðisskyldu stjórnvalda og rétt almennings til upplýsinga er einnig nefndur í þessu samhengi. Hins vegar er ágreiningur um þetta og málið í höndum beggja fagráðuneytanna að koma með álit á lögmæti þess að birta niðurstöður eftirlits á heimasíðu HER. Þau álit liggja ekki fyrir.
- b. *Ef svo er, verður ekki að gefa fyrirtækjum tækifæri til að gera viðeigandi úrbætur áður en einkunn er birt opinberlega?*
Svar: Niðurstöður úr hverju eftirliti eru eins og eftirlitið var í það skiptið og birt þannig. Allir rekstraraðilar fá andmælarétt á eftirlitsskýrslur áður en þær eru birtar. HER tekur afstöðu til réttmætis andmæla ef berast. Kröfur um úrbætur koma fram í hverri eftirlitsskýrslu sem rekstraraðila ber að fara að. Frestir til úrbóta eru misjafnir eftir eðli máls og stundum geta rekstraraðilar sent inn sannanir um úrbætur eða að eftirfylgni leitt í ljós úrbætur. Það hefur á þann hátt áhrif á mögulega bættu útkomu hjá fyrirtækinu. Birting niðurstaðna úr reglubundnu heilbrigðiseftirliti hefur nú þegar skilað árangri þar sem úrbóta er þörf og ekkert sem bendir til annars en almennrar ánægju rekstraraðila og almennings með birtinguna.
- c. *Eru fyrirtækjæigendur upplýstir um að niðurstöður og einkunn verði birt opinberlega?*
Svar: Í eftirliti er kynnt að niðurstöður eru birtar á vefsíðu HER auk þess sem upplýsingar um birtinguna er í föstum texta á öllum eftirlitsskýrslum auk þess sem niðurstöður úr eftirlitinu eru sendar rekstraraðila með drögum að eftirlitsskýrslum til skoðunar og andmæla innan tiltekins frests.



Samtök fyrirtækja
í sjávarútvegi



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
b.t. Kristjáns Þórs Júlíussonar, ráðherra
Skúlagötu 4,
101 Reykjavík

Reykjavík, 18. desember 2018

**Efni: Fyrirhuguð birting Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur á niðurstöðum matvæla-,
mengunarvarnar- og hollustuháttaeftirlits**

Á fundi aðildarsamtaka Samtaka atvinnulífsins með fulltrúum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) þriðjudaginn 11. desember sl. kom fram að HER hyggst birta opinberlega niðurstöður úr matvæla-, hollustuhátta- og mengunarvarnaeftirliti á heimasíðu sinni og þá frammistöðuflokkun HER á eftirlitsþegum. Hyggst HER birta eftirlitsskýrslur í heild auk frammistöðuflokkunar fyrirtækja á skalanum 0 til 5. Samtök atvinnulífsins og undirsamtök þeirra mótmæla umræddri fyrirætlan enda skortir HER lagaheimild til slíkrar birtingar. Ennfremur er grundvallaratriði að birting með þessum hætti sé samræmd á milli eftirlitssvæða og -aðila og að aðdragandi slíkrar birtingar sé nægur.

Þann 26. apríl sl. samþykkti Alþingi breytingar á lögum um matvæli nr. 93/1995, sbr. lög nr. 33/2018. Með breytingunum er gert ráð fyrir að eftirlitsaðilar flokki fyrirtæki eftir frammistöðu úr eftirliti. Er ennfremur sú krafa gerð, sbr. 9. mgr. 22. gr. laganna, að heilbrigðisnefndir sveitarfélaga skrái og birti upplýsingar um matvælaeftirlit með sama hætti og Matvælastofnun. Umræddar breytingar taka gildi 1. janúar 2019.

Um birtingu á niðurstöðum matvælaeftirlits gildir 28. gr. a laganna og var með lögum nr. 33/2018 gerðar m.a. breytingar á 3. mgr. ákvæðisins. Felur breytingin í sér að eftirlitsaðilar birti opinberlega upplýsingar um frammistöðuflokkun eftirlitsþega. Undanfari slíkrar birtingar er setning reglugerðar ráðherra þar sem kveðið er á um með hvaða hætti frammistöðuflokkun skuli birt. Er ráðherra þannig falið að ákveða með hvaða hætti eftirlitsaðilar, þar á meðal HER, birti umrædda frammistöðuflokkun og þá hvort eftirlitsskýrslur skuli birtar.

Í athugasemdum við ákvæðið í greinargerð með breytingarlögunum kemur fram að ráðherra eigi að hafa sviðgrúm til að ákveða, með reglugerð, með hvaða hætti upplýsingar úr frammistöðuflokkun skyldu birtar. Sú reglugerð hefur ekki verið sett. Ennfremur kemur fram að flokkunarskylda skv. b- lið 1. gr. frumvarpsins taki gildi um leið og lögin hafa verið samþykkt en að óraunhæft sé að hefja birtingu fyrr en að nokkrum tíma liðnum. Miðað sé við 1. janúar 2021.

Matvælastofnun hefur nú þegar hafið samræmingu á skráningu og birtingu upplýsinga um matvælaeftirlit og hefur sent öllum heilbrigðiseftirlitum drög að innleiðingaráætlun. Er þar m.a. verið að innleiða breytingar sem tryggja eiga samræmi við skráningar á frammistöðumati og utanumhaldi um frammistöðuflokkun. Í umræddri innleiðingaráætlun er miðað við að birting á frammistöðuflokkun fari fram í fyrsta lagi 1. janúar 2021.

Ljóst er fyrirhuguð birting HER á eftirlitsskýrslum og frammistöðu fyrirtækja úr matvælaeftirliti byggir ekki á innleiðingaráætlun Matvælastofnunar.




Samtök fyrirtækja
í sjávarútvegi





Ennfremur virðist HER ætla að birta umrædda frammistöðuflokkun án þess að ráðherra hafi sett reglugerð um form slíkrar birtingar, eins og lögin gera ráð fyrir. Að lokum virðist HER ætla að birta umrædda frammistöðuflokkun áður en áður nefnt lagaákvæði um birtingu slíkra upplýsinga, þ.e. a-liður 2. gr. laga nr. 33/2018, tekur gildi og þar með er sá aðlögunarfrestur löggjafans að vettugi virtur.

Samtökin óska eftir fundi með ráðherra um framangreinda fyrirætlan HER um birtingu niðurstaðna úr m.a. matvælaeftirliti. Óskað er skjótra viðbragða enda má ætla að umrædd birting hefjist á næstu dögum.

Virðingarfyllt,


Björg Ásta Þórðardóttir,
lögfræðingur SI


Lárus M. K. Ólafsson,
lögfræðingur SVP


Guðbergur Rúnarsson,
verkfræðingur SFS


Pétur Reimarsson,
samkeppnishæfnisvið SA


Gunnar Valur Sveinsson
verkefnastjóri SAF



Reykjavíkurborg
Líf Magneudóttir, formaður umhverfis- og
heilbrigðisráðs
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

ÁTVINNUVEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 101 Reykjavík
sími: 545 9700 postur@anr.is
anr.is

Reykjavík 12. febrúar 2019
Tilv.: ANR18120201/12.08

Hinn 18. desember sl. barst ráðuneytinu meðfylgjandi erindi frá Samtökum iðnaðarins, Samtökum verslunar og þjónustu, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi og Samtökum ferðaþjónustunnar vegna fyrirhugaðrar birtingar heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur á niðurstöðum í matvæla-, mengunarvarnar og hollustuháttaeftirliti. Í erindinu kemur fram að á fundi aðildarsamtaka Samtaka atvinnulífsins, þriðjudaginn 11. desember 2018, hafi komið fram að heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hygðist birta opinberlega niðurstöður, meðal annars úr matvælaeftirliti, og frammistöðuflokkun heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur á eftirlitsþegum.

Ráðuneytinu er kunnugt um að ýmsir aðilar hafi fundað vegna málsins síðustu vikur og hefur ráðuneytið fundað með fulltrúum Samtaka iðnaðarins, Samtaka verslunar og þjónustu og Samtaka atvinnulífsins, fulltrúum Matvælastofnunar og formanni umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkur vegna málsins. Hinn 2. febrúar sl. barst ráðuneytinu ábending þess efnis að heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hafi nú þegar hafið birtingu á niðurstöðum úr matvælaeftirliti og frammistöðuflokkun heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur á heimasíðu.


Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum nr. 93/1995, um matvæli, með síðari breytingum, og er Matvælastofnun ráðherra til ráðgjafar. Samkvæmt 1. mgr. 22. gr. laganna hefur heilbrigðisnefnd undir yfirumsjón Matvælastofnunar opinbert eftirlit með framleiðslu og dreifingu matvæla en Matvælastofnun hefur þó opinbert eftirlit með matvælum sem að falla undir 6. gr. laganna.


Með ákvæðum laga nr. 33/2018, sem m.a. breyttu lögum nr. 93/1995, um matvæli, er meðal annars fjallað um flokkun fyrirtækja eftir frammistöðu þeirra samkvæmt niðurstöðum úr eftirliti og birtingu þeirra upplýsinga. Lögini tóku gildi 1. janúar 2019, nema ákvæði a-liðar 2. gr. laganna sem öðlast gildi 1. janúar 2021. Í greinargerð með frumvarpi því sem síðar varð að lögum nr. 33/2018 kemur fram að óraunhæft þyki að hefja birtingu frammistöðuflokkunar fyrir en að nokkrum tíma liðnum, meðal annars með vísan til þess að samræma þurfi betur matvælaeftirlit og byggja þurfi upp gagnabanka um frammistöðu einstakra fyrirtækja sem er grundvöllur þess að unnt sé með réttu að birta niðurstöður flokkunar. Lög þessi voru samþykkt í apríl 2018. Matvælastofnun hefur unnið að innleiðingu laganna og undirbúningi samræmdrar frammistöðuflokkunar síðustu mánuði. Stofnunin sendi bréf til heilbrigðiseftirlitssvæða í maí 2018 vegna málsins og innleiðingaráætlun var send út seint á síðasta ári.

Í ljósi alls framangreinds óskar ráðuneytið eftir upplýsingum um þann grundvöll sem heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur hafið birtingu frammistöðuflokkunar á heimasíðu sinni. Þá er

óskað eftir upplýsingum um hvernig sú framkvæmd er talin samræmast lögum nr. 33/2018. Þess er vinsamlega óskað að svör verði send ráðuneytinu eigi síðar en þriðjudaginn 19. febrúar nk.

Fyrir hönd sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra


Ása Þórhildur Þórðardóttir


Linda Fanney Valgeirsdóttir



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
b.t. Ásu Þ. Þórðardóttur
Skúlagötu 4
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. febrúar 2019
Tilvísun: 2019020168/3.7

Efni: Upplýsingamiðlun úr opinberu eftirliti hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur.

Formanni heilbrigðisnefndar Reykjavíkur barst bréf atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis (ANR) dags. 12. febrúar sl. þar sem óskað er upplýsinga um þann grundvöll sem Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) birtir "frammistöðuflokkun" eins og það er orðað í erindinu, á heimasíðu sinni. Jafnframt er óskað upplýsinga hvernig sú framkvæmd er talin samræmast lögum nr. 33/2018.

Nokkurs misskilnings gætir í erindi ANR. Ekki er um að ræða frammistöðuflokkun á fyrirtækjum sem HER hefur eftirlit með að gera, sbr. lög nr. 33/2018. HER birtir einvörðungu niðurstöður úr reglubundnu heilbrigðiseftirliti með öllum fyrirtækjum sem eru undir eftirliti HER. Eftirlitið nær til laga um hollustuhátta og mengunarvarna, matvælalaga og tóbaksvarnalaga og reglugerða byggða á lögnum.

Ákveðið var að setja niðurstöðurnar fram á einfaldan og aðgengilegan hátt með hag almennings í huga. HER er fullmeðvitað um það sem kemur fram í erindi ANR að þegar ráðherra setur fyrirmæli um frammistöðuflokkun fyrirtækja í ákveðna flokka tekur sú ákvörðun ekki taka gildi fyrr en 1. janúar 2021. Birting HER á niðurstöðum úr heilbrigðiseftirliti á netinu er allt annars eðlis og er ekki sambærilegt við þá frammistöðuflokkun sem um ræðir enda allt aðrar forsendur fyrir birtingunni, sem verða útskýrðir betur hér á eftir. HER er ekki kunnugt um að MAST hafi sett fram leiðbeiningar eða unnið að samræmingu um hvernig birta skal niðurstöður úr eftirlits. MAST birtir niðurstöður úr eftirliti stofnunarinnar á þann hátt sem hentar henni hverju sinni.

Til frekari útskýringa hvers vegna HER birtir niðurstöður úr heilbrigðiseftirliti á netinu þá er það m.a. til að uppfylla lagalega skyldu í kjölfar breytinga á lögum nr. 7/1998 sbr. ákvæði í 54. gr. laganna. Þá birtir HER niðurstöðurnar á einfaldan og skiljanlegan hátt og koma þannig til móts við eitt af mikilvægustu verkefnum HER sem er að stuðla að almannaheill og neytendavernd og að uppfylla nútímakröfur um gagnsæi og upplýsingagjöf til almennings. HER er ekki kunnugt um að yfirstofnanir og/eða fagráðuneyti hafi gefið út sérstök tilmæli eða leiðbeiningar um form birtinga áður en sú krafa var sett inn, eða að hömlur væru á birtingu á niðurstöðum úr matvælaeftirliti. Þess skal sérstaklega getið að leitað var lögfræðilits áður en niðurstöður voru birtar á vef HER. Verkferlar voru unnir og uppfærðir eftir því hvað átti við varðandi skráningar og birtingu gagna. Einnig eru starfandi teymi hjá HER sem fara yfir ákveðna fyrirtækjaflokka til samræmingar eftirlits sem hafa nýst vel inn í þessa vinnu.

Í 1. gr. matvælalaga nr. 93/1995 er tilgreindur tilgangur með lögnum sem er að tryggja öryggi matvæla og skal m.a. ná því fram með opinberu eftirliti, upplýsingamiðlun og neytendavernd. Í 2. gr. reglugerðar nr. 320/2012 um birtingu niðurstöðna vegna eftirlits með matvælum eru skýrar heimildir til að birta niðurstöður þess. Þar kveður á um heimildir eftirlitsaðila sbr. 1. gr. að birta með opinberum hætti niðurstöður úr eftirliti og markmiðið er að stuðla að gagnsæi. Það er einnig kveðið á um neytendavernd og að gefa skuli neytendum kost á upplýstu vali m.t.t. matvæla sem þeir neyta. Í 2. gr. sömu reglugerðar er svo kveðið á um heimildir eftirlitsaðila að birta niðurstöður úr almennu matvælaeftirliti.

Eftirlitsskýrslur úr matvælaeftirliti sem og öðru eftirliti hafa alltaf verið opinber gögn og fram til



Reykjavíkurborg

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Þessa hafa skýrslur verið afhentar þeim sem þess óska. Bent er á að HER reynir eftir því sem hægt er að koma því við að taka alla eftirlitsþætti í fyrirtækjum í einni og sömu eftirlitsferðinni enda eru fyrirtæki undir eftirliti HER flest öll lítil eða meðalstór. Þarna er átt við eftirlit með hollustuháttum, mengunarvörnum, öryggisþáttum, matvælum og tóbaksvörnum eftir því hvað við á. Óeðlilegt væri að klippa út matvælaþátt eftirlits sérstaklega en birta niðurstöður úr öðrum þáttum eins og lög gera ráð fyrir. Engin fyrirtæki undir eftirliti HER hafa komið með mótmæli vegna birtingu niðurstaðna úr eftirliti á netið hingað til og áttar HER sig ekki á erindi SA er þetta varðar, ekki síst þar sem einungis örfá fyrirtæki undir eftirliti HER eru aðilar að samtökunum.

Hægt er að sjá birtingu HER á niðurstöðum eftirlits hér

<https://reykjavik.is/thjonusta/nidurstodur-heilbrigdiseftirlits>. Þetta fyrirkomulag er í líkingu við kerfi sem notað er í Bretlandi, Danmörku og víðar, auk þess að vera til samræmis við það sem almenningur á Íslandi þekkir s.s. kerfi vegna birtinga veðurupplýsinga, loftgæða, viðvarana í viðbragðsáætlunum o.fl. Formið var metið af sérfræðingum HER í samstarfi við vefteymi Reykjavíkurborgar og fyrirtækið REON og er sérstaklega horft til þess hvernig nútíma upplýsingar séu sem gagnsæjastar og gagnlegastar fyrir allan almenning. Bent er sérstaklega á að almenningur á misjafnlega gott með að tileinka sér upplýsingar á eingöngu rituðu máli og alls staðar þar sem hægt er að koma því við er eðlilegt að leitast við að hafa; liti, tjákn, texta og tölur/einkunn. Þeir sem síðan hafa sérstakan áhuga á að lesa eftirlitsskýrslur geta að sjálfsögðu eftir sem áður fengið þær sendar að loknum andmælarétti. Frestur til andmæla eða athugasemda er hálfur mánuður eftir að eftirlitsskýrsla er send til viðkomandi fyrirtækis ásamt samandregnum niðurstöðum eins og verið hefur. Birting niðurstaðna á netið er gerð að fresti loknum og að teknu tilliti til mögulegra andmæla eða úrbóta sem mögulega hafa verið gerðar.

HER vill ítreka það sem áður hefur komið fram hér að ofan að sífellt eru gerðar meiri kröfur til gagnsæis og að almenningur hafi aðgang að upplýsingum. Nægir þar að nefna upplýsingalög og lög um upplýsingarétt um umhverfismál. Í þessum lögum er kveðið á um gagnsæi í stjórnsýslu m.a. í þeim tilgangi að tryggja rétt almennings til upplýsinga, aðhalds fjölmiðla og almennings á stjórnvöldum svo eitthvað sé nefnt. Það skýtur því skökku við að hagsmunasamtök og opinberir aðilar sé mótfallnir birtingu upplýsinga sem augljóslega eru ætlaðar til að stuðla að almannaheill og eru eðli máls samkvæmt opinber gögn.

Stutt er síðan HER hóf að birta niðurstöður heilbrigðiseftirlits á netinu og því ekki komin mikil reynsla á fyrirkomulagið. Þau viðbrögð sem HER hefur fengið frá eftirlitsþegum og almenningi eru einungis jákvæð.

HER er hér eftir sem áður tilbúið í samráð og samstarfs við ANR ef áhugi er fyrir hendi. Það er von Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið skoði þessi mál af opnum hug með heill almennings að leiðarljósi, krafna um ríka upplýsingagjöf og tilgang Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur með birtingunni.

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Árný Sigurðardóttir
framkvæmdastjóri



Fwd: Erindi SA/SI o.fl. til ANR - ósk um gögn - Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Bréf: Bréf

Málsnúmer: 2019020168

Málalyklar: 3.7 Skráning upplýsinga

Eigandi skjals: Rósa Magnúsdóttir

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 06.06.2019

Dagsetning skjals: 05.06.2019

Upplýsingar um viðskiptavin:

Netfang: "Árný Sigurðardóttir"

<arny.sigurdardottir@reykjavik.is>

Notandi: "Árný Sigurðardóttir" <arny.sigurdardottir@reykjavik.is>

Dagsetning: 5.6.2019 19:53:10

Til: "Óskar Ísfeld Sigurðsson" <oskar.isfeld.sigurdsson@reykjavik.is>

Afrit til: "Glóey Helgudóttir Finnsdóttir" <Gloey.Helgudottir.Finnsdottir@reykjavik.is>, "Friðsemd Rósa Magnúsdóttir" <rosa.magnusdottir@reykjavik.is>

Efni: Fwd: Erindi SA/SI o.fl. til ANR - ósk um gögn - Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Til upplýsingar

Með kveðju,
Árný

Begin forwarded message:

From: Ása Þórhildur Þórðardóttir <asa.thordardottir@anr.is>

Date: 5 June 2019 at 15:22:32 GMT

To: <arny.sigurdardottir@reykjavik.is>

Subject: Re: Erindi SA/SI o.fl. til ANR - ósk um gögn - Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Tilvísun í mál: ANR18120201

Sæl Árný,

Ráðuneytið sendi samtökunum afrit af erindi ráðuneytisins til umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkurborgar, dags. 9 maí 2019, með tölvupósti dags. 9. maí 2019. Þá var í tölvupóstsamskiptum sama dag upplýst að ráðuneytið myndi ekki bregðast frekar við að svo stöddu. Ráðuneytinu hefur ekki borist annað erindi frá samtökunum vegna frammistöðuflokkunar.

Með kveðju,
Ása

[IMAGE]

Ása Þórhildur Þórðardóttir, settur skrifstofustjóri / Senior Adviser, Deputy Director

Skrifstofa matvæla og landbúnaðar / Department of Food and Agriculture

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið / Ministry of Industries and Innovation

Skúlagötu 4, 101 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 9700

www.anr.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

Notandi: "Ása Þórhildur Þórðardóttir" <asa.thordardottir@anr.is>

Dagsetning: 31.5.2019 14:48:58

Til: "Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið" <anr@anr.is>

Efni: FW: Erindi SA/SI o.fl. til ANR - ósk um gögn



Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

From: Árný Sigurðardóttir [<mailto:arny.sigurdardottir@reykjavik.is>]

Sent: miðvikudagur, 29. maí 2019 15:01

To: Ása Þórhildur Þórðardóttir <asa.thordardottir@anr.is>

Cc: Líf Magneudóttir <Lif.Magneudottir@reykjavik.is>

Subject: SV: Erindi SA/SI o.fl. til ANR - ósk um gögn

Sæl Ása

Ég óska eftir afriti af svari ráðuneytisins til SA, SI, SVP, SFS vegna erindis þeirra dags. 18. desember sl. varðandi birtingu HER á niðurstöðum úr reglubundnu eftirliti og frammistöðuflokkun fyrirtækja eins og samtökin nefna líka í erindinu, ef svar hefur verið sent þessum samtökum.

Jafnframt er óskað upplýsinga frá ráðuneytinu hvort sömu samtök hafi sent inn álíka erindi varðandi frammistöðuflokkun sem MAST virðist hafa tekið í notkun (A, B, C kerfi). Í þessu samhengi er vísað til frétttaflutnings vegna alvarlegs máls um Listeríu í laxi frá fyrirtækinu Ópal í Hafnarfirði. Ástæða þessarar óskar er sá misskilningur og ruglingur ofangreindar samtaka að HER sé að frammistöðuflokka fyrirtæki sbr. lög nr. 33/2018 og um ólögmati þess að þeirra mati en MAST virðist hafa hafið án þess að samræming á landsvísu hafi farið fram.

Með kveðju,

Árný Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Borgartún 12, 105 Reykjavík

www.reykjavik.is/heilbrigdiseftirlit

arny.sigurdardottir@reykjavik.is

S: 411 1111,

Reglur um trúnað í tölvupóstsendingum : <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.



- mime-attachment.jpg

SKJALAVER
HÖFÐATORGI

15. MAÍ 2019

Málsnr.: 2019-02-0168
Bréfalykill: 3.7



Reykjavíkurborg
Líf Magneudóttir, formaður umhverfis- og
heilbrigðisráðs
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

ATVINNUVEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 101 Reykjavík
sími: 545 9700 postur@anr.is
anr.is


Reykjavík 9. maí 2019
Tilv.: ANR18120201/12.08


Vísað er til bréfs ráðuneytisins, dags. 12. febrúar sl., þar sem óskað var eftir upplýsingum um þann grundvöll sem heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur hafið birtingu frammistöðuflokkunar á heimasiðu sinni. Með bréfi, dags. 18. febrúar sl., gerði framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur grein fyrir afstöðu heilbrigðisnefndar Reykjavíkur til málsins.

Með ákvæðum laga nr. 33/2018, sem m.a. breyttu lögum nr. 93/1995, um matvæli, með síðari breytingum, er meðal annars fjallað um flokkun fyrirtækja eftir frammistöðu þeirra samkvæmt niðurstöðum úr eftirliti og birtingu þeirra upplýsinga. Lögin tóku gildi 1. janúar 2019, nema ákvæði a-liðar 2. gr. laganna sem öðlast gildi 1. janúar 2021. Fram kemur í greinargerð með frumvarpi því er síðar varð að lögum nr. 33/2018, að grundvöllur þess að hægt sé að birta upplýsingar um frammistöðu fyrirtækja er að allir eftirlitsaðilar notist við samræmt kerfi í eftirliti. Samkvæmt 8. mgr. 22. gr. laga nr. 93/1995, með síðari breytingum, hefur Matvælastofnun yfirumsjón með matvælaeftirliti en í slíkri yfirumsjón felst samræming matvælaeftirlits þannig að framkvæmdin sé með sama hætti á landinu öllu. Af greinargerð með frumvarpi því er síðar varð að lögum nr. 33/2018, má ráða að helstu rökin fyrir því að gildistaka fyrrgreinds ákvæðis, sem kveður á um birtingu frammistöðuflokkunar, verði síðar en önnur ákvæði laganna séu þau að gefa Matvælastofnun tíma til þess að samræma matvælaeftirlit betur. Jafnframt kemur fram að heilbrigðisnefndir sveitarfélaga skuli taka upp samskonar flokkun á matvælafyrirtækjum og birta upplýsingar um matvælaeftirlit með sama hætti og Matvælastofnun. Markmið með slíku fyrirkomulagi sé að allir opinberir eftirlitsaðilar notist við sama áhættu- og frammistöðuflokkunarkerfi í eftirliti sínu.

Í ljósi framangreinds gerir ráðuneytið ráð fyrir að heilbrigðisnefndir sveitarfélaga fylgi innleiðingaráætlun Matvælastofnunar um innleiðingu á lögum nr. 33/2018.

Fyrir hönd sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra


Asa Þórhildur Þórðardóttir


Linda Fanney Valgeirsdóttir



Samtök fyrirtækja
í sjávarútvegi



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
b.t. Guðmunds Inga Guðbrandssonar, ráðherra
Skuggasundi 1,
101 Reykjavík

Reykjavík, 18. desember 2018

Efni: Fyrirhuguð birting Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur á niðurstöðum matvæla-, mengunarvarnar- og hollustuháttaeftirlits

Á fundi aðildarsamtaka Samtaka atvinnulífsins með fulltrúum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) þriðjudaginn 11. desember sl. kom fram að HER hyggst birta opinberlega niðurstöður úr matvæla-, hollustuhátta- og mengunarvarnareftirliti á heimasíðu sinni og þá frammistöðuflokkun HER á eftirlitsþegum. Hyggst HER birta eftirlitsskýrslur í heild auk frammistöðuflokkunar fyrirtækja á skalanum 0 til 5. Samtök atvinnulífsins og undirsamtök þeirra mótmæla umræddri fyrirætlan enda skortir HER lagaheimild til slíkrar birtingar. Ennfremur er grundvallaratriði að birting með þessum hætti sé samræmd á milli eftirlitssvæða og -aðila og að aðdragandi slíkrar birtingar sé nægur.

Samkvæmt 54. gr. laga nr. 7/1998 skal eftirlit vera með atvinnurekstri sem tekur til athugunar á öllum þáttum umhverfisáhrifa viðkomandi starfsemi sem máli skipta sem og hollustuhátta. Samkvæmt 5. mgr. sama ákvæðis skal eftirlitsaðili taka saman eftirlitsskýrslu og skal skýrslan gerð aðgengileg á vefsvæði eftirlitsaðila, eftir að rekstraraðili hefur fengið tækifæri til að koma að athugasemdum og brugðist hefur verið við þeim. Umrætt ákvæði felur að hluta í sér innleiðingu á 6. mgr. 23. gr. tilskipunar 2010/75/ESB sem kveður á um að eftirlitsskýrslur varðandi atvinnurekstur sem fellur undir viðauka I skuli gerðar aðgengilegar fyrir almenning. Hérlandis er þó gengið lengra enda gert ráð fyrir að eftirlitsskýrslur fleiri fyrirtækja falli undir birtingarskylduna. Hér ber þó að geta að hvergi er getið um að fyrirtæki séu í eftirliti frammistöðuflokkuð og ljóst er að ákveðin málsmeðferð er undanfari umræddrar birtingar.

Umhverfisstofnun hefur um árabil birt eftirlitsskýrslur sínar með eftirlitsþegum á heimasíðu stofnunarinnar. Mikil vinna og samtal átti sér stað í aðdraganda þeirrar birtingar þar sem eftirlitsskýrslur, þ.e. efni og form, voru teknar til endurskoðunar og þess gætt að skýrslurnar séu samræmdar og hlutlægar. Í aðdraganda birtingu eftirlitsskýrslna heilbrigðiseftirlita má vænta þess að Umhverfisstofnun samræmi eftirlitsskýrslur staðbundinna eftirlitsstjórnvalda á grundvelli 2. mgr. 51. gr. laga nr. 7/1998 enda hefur Umhverfisstofnun lögbundið samræmingarhlutverk.

Að mati samtakanna er forsenda birtingar eftirlitsskýrslna HER á grundvelli laga nr. 7/1998 að Umhverfisstofnun hafi yfirfarið skýrslur eftirlitanna og þess gætt að þær samræmist skýrslugjöf og birtingu Umhverfisstofnunar. Ennfremur telja Samtökin að engin lagaheimild sé fyrir hendi til að frammistöðuflokka fyrirtæki á grundvelli laga nr. 7/1998 með þeim hætti sem HER hyggst gera.





Samtök fyrirtækja
í sjávarútvegi




Samtökin óska eftir fundi ráðherra um framangreinda fyrirætlan HER um birtingu niðurstaðna úr m.a. mengunarvarnar- og hollustuháttaeftirliti. Óskað er skjótra viðbragða enda má ætla að umrædd birting hefjist á næstu dögum.

Virðingarfyllst,


Björg Ásta Þórðardóttir,
lögfræðingur SI


Lárus M. K. Ólafsson,
lögfræðingur SVP


Guðbergur Rúnarsson,
verkfræðingur SFS


Pétur Reimarsson,
samkeppnishæfnisvið SA


Gunnar Valur Sveinsson
verkefnastjóri SAF

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkurborgar
Borgartúni 10-12
105 Reykjavík

Reykjavík 21. janúar 2019
UST201812-183/F.T.
06.03.00


Efni: Beiðni um upplýsingar

Umhverfisstofnun barst bréf dags. 20. desember sl. frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu er varðaði bréf Samtaka atvinnulífsins til ráðuneytisins dags. 18. desember sl. Erindið snerist um fyrirhugaða opinbera birtingu Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur á niðurstöðum um úr matvæla-, hollustuhátta- og mengunarvarnareftirliti á heimasíðu sinni og frammistöðuflokkun nefndarinnar á fyrirtækjum á skalanum 0 til 5. Að mati samtakanna er ekki lagaheimild fyrir hendi til að frammistöðuflokka fyrirtæki á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með þeim hætti sem heilbrigðisnefndin hyggst gera.


Ráðuneytið fór þess á leit við stofnunina að hún taki til skoðunar fyrirhugaða framkvæmd nefndarinnar við birtingu niðurstaðna úr eftirliti og leiðbeini nefndinni eftir atvikum sem og öðrum heilbrigðisnefndum um mögulegar útfærslur á birtingu á niðurstöðum eftirlits sbr. 5. mgr. 54. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Umhverfisstofnun fer þess á leit við heilbrigðisnefnd Reykjavíkur að nefndin sendi stofnuninni upplýsingar um framkvæmd fyrirhugaðrar birtingar og frammistöðuflokkunar.

Virðingarfyllst



Sigrún Agústsdóttir
sviðsstjóri



Frigg Thorlacius
Frigg Thorlacius
lögfræðingur

Umhverfisstofnun
b.t. Sigrúnar Ágústsdóttur, sviðsstjóra
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Reykjavík, 5. febrúar 2019
Tilvísun: 2019020007/3.0

Efni: Birting gagna á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

Vísað er til erindis Umhverfisstofnunar dags. 21. janúar 2019 sem barst Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur (HER) þann 31. janúar sl. Í erindinu er vísað til bréfs umhverfis- og auðlindaráðuneytisins dags. 20. desember 2018 er varðar bréf Samtaka atvinnulífsins (SA) til ráðuneytisins dags. 18. desember 2018 varðandi birtingu á niðurstöðum úr matvæla-, mengunar- og hollustuháttaeftirliti HER á heimasíðu eftirlitsins. Ráðuneytið felur jafnframt Umhverfisstofnun að skoða málið og eftir atvikum leiðbeina heilbrigðiseftirlitum/-nefndum í landinu um mögulega birtingu á niðurstöðum eftirlits sbr. ákvæði 5. mgr., 54. gr. laga nr. 7/1998. Upphaf málsins virðist aðallega vera tengt áhyggjum SA af birtingu niðurstaðna úr matvælaeftirliti og bendir HER á heimild í matvælalöggjöf sbr. ákvæði 2. gr. reglugerðar nr. 320/2012. Eftirlitsskýrslur úr matvælaeftirliti hafa alltaf verið opinber gögn og á það skal bent að HER reynir eftir því sem hægt er að koma því við að taka alla þrjá eftirlitsþætti í fyrirtækjum í einu og sama eftirlitinu enda fyrirtæki undir eftirliti HER flest öll lítil eða meðalstór. Óeðlilegt væri að klippa út matvælaþátt eftirlits sérstaklega. Engin fyrirtæki undir eftirliti HER hafa komið með mótmæli vegna birtingu niðurstaðna úr eftirliti á netið hingað til og áttar HER sig ekki á erindi SA er þetta varðar, ekki síst þar sem einungis örfá fyrirtæki undir eftirliti HER eru aðilar að samtökunum.

Í erindi Umhverfisstofnunar eru spurt hvernig HER ætli að birta "fyrirhugaðar" niðurstöður úr eftirliti. Svarið er að niðurstöður eftirlits eru þegar komnar á netið er varðar reglubundið eftirlit í starfsleyfis skyldum fyrirtækjum í Reykjavík. Birtingin hófst í lok desember og hægt er að sjá fyrirkomulagið hér <https://reykjavik.is/thjonusta/nidurstodur-heilbrigdiseftirlits>. Þetta fyrirkomulag er í líkingu við kerfi sem notað er í Bretlandi, Danmörku og víðar, auk þess að vera til samræmis við það sem almenningur á Íslandi þekkir s.s. kerfi vegna birtinga veðurupplýsinga, loftgæða, viðvarana í viðbragðsáætlunum o.fl. Formið var metið af sérfræðingum HER í samstarfi við vefteymi Reykjavíkurborgar og fyrirtækið REON hvernig nútíma upplýsingar séu sem gagnsæjastar og gagnlegastar fyrir allan almenning. Bent er sérstaklega á að almenningur á misjafnlega gott með að tileinka sér upplýsingar á eingöngu rituðu máli og alls staðar þar sem hægt er að koma því við er eðlilegt að leitast við að hafa; liti, tákn, texta og tölur/einkunn. Þeir sem síðan hafa sérstakan áhuga á að lesa eftirlitsskýrslur geta að sjálfsögðu eftir sem áður fengið þær sendar að loknum andmælarétti. Frestur til andmæla er 1/2 mánuður eftir að eftirlitsskýrsla er send til viðkomandi fyrirtækis ásamt samandregnum niðurstöðum eins og verið hefur. Birting niðurstaðna á netið er gerð að fresti loknum.

Birtingin er gerð í kjölfar kröfu sbr. áður nefnda grein í lögum nr. 7/1998. HER er ekki kunnugt um að yfirstofnanir og/eða fagráðuneyti hafi gefið út sérstök tilmæli eða leiðbeiningar um form birtinga áður en sú krafa var sett inn, eða að hömlur væru á birtingu. Þess skal sérstaklega getið að leitast var lögfræðiálits áður en birting var gerð. Verkferlar voru unnir eða uppfærðir eftir því hvað átti við varðandi skráningar og birtingu gagna. Einnig eru starfandi teymi hjá HER sem fara yfir ákveðna fyrirtækjaflokka til samræmingar eftirlits sem hafa nýst vel inn í þessa vinnu.

Tekið skal fram að ef Umhverfisstofnun hefur hugsað sér að fara í samræmingarvinnu vegna birtingu gagna á netinu er HER nú sem áður tilbúið að leggja sitt að mörkum. HER hefur áður lagt fram mikilvæg gögn fram til samræmingar eftirlits í landinu s.s. fjölmarga verkferla. Einnig skal tekið



Reykjavíkurborg

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Þessa hafa skýrslur verið afhentar þeim sem þess óska. Bent er á að HER reynir eftir því sem hægt er að koma því við að taka alla eftirlitsþætti í fyrirtækjum í einni og sömu eftirlitsferðinni enda eru fyrirtæki undir eftirliti HER flest öll lítil eða meðalstór. Þarna er átt við eftirlit með hollustuháttum, mengunarvörnum, öryggisþáttum, matvælum og tóbaksvörnum eftir því hvað við á. Óeðlilegt væri að klippa út matvælabátt eftirlits sérstaklega en birta niðurstöður úr öðrum þáttum eins og lög gera ráð fyrir. Engin fyrirtæki undir eftirliti HER hafa komið með mótmæli vegna birtingu niðurstaðna úr eftirliti á netið hingað til og áttar HER sig ekki á erindi SA er þetta varðar, ekki síst þar sem einungis örfá fyrirtæki undir eftirliti HER eru aðilar að samtökunum.

Hægt er að sjá birtingu HER á niðurstöðum eftirlits hér

<https://reykjavik.is/thjonusta/nidurstodur-heilbrigdiseftirlits>. Þetta fyrirkomulag er í líkingu við kerfi sem notað er í Bretlandi, Danmörku og víðar, auk þess að vera til samræmis við það sem almenningur á Íslandi þekkir s.s. kerfi vegna birtinga veðurupplýsinga, loftgæða, viðvarana í viðbragðsáætlunum o.fl. Formið var metið af sérfræðingum HER í samstarfi við vefteymi Reykjavíkurborgar og fyrirtækið REON og er sérstaklega horft til þess hvernig nútíma upplýsingar séu sem gagnsæjastar og gagnlegastar fyrir allan almenning. Bent er sérstaklega á að almenningur á misjafnlega gott með að tileinka sér upplýsingar á eingöngu rituðu máli og alls staðar þar sem hægt er að koma því við er eðlilegt að leitast við að hafa; liti, tjákn, texta og tölur/einkunn. Þeir sem síðan hafa sérstakan áhuga á að lesa eftirlitsskýrslur geta að sjálfsögðu eftir sem áður fengið þær sendar að loknum andmælarétti. Frestur til andmæla eða athugasemda er hálfur mánuður eftir að eftirlitsskýrsla er send til viðkomandi fyrirtækis ásamt samandregnum niðurstöðum eins og verið hefur. Birting niðurstaðna á netið er gerð að fresti loknum og að teknu tilliti til mögulegra andmæla eða úrbóta sem mögulega hafa verið gerðar.

HER vill ítreka það sem áður hefur komið fram hér að ofan að sífellt eru gerðar meiri kröfur til gagnsæis og að almenningur hafi aðgang að upplýsingum. Nægir þar að nefna upplýsingalög og lög um upplýsingarétt um umhverfismál. Í þessum lögum er kveðið á um gagnsæi í stjórnsýslu m.a. í þeim tilgangi að tryggja rétt almennings til upplýsinga, aðhalds fjölmiðla og almennings á stjórnvöldum svo eitthvað sé nefnt. Það skýtur því skökku við að hagsmunasamtök og opinberir aðilar sé mótfallnir birtingu upplýsinga sem augljóslega eru ætlaðar til að stuðla að almannaheill og eru eðli máls samkvæmt opinber gögn.

Stutt er síðan HER hóf að birta niðurstöður heilbrigðiseftirlits á netinu og því ekki komin mikil reynsla á fyrirkomulagið. Þau viðbrögð sem HER hefur fengið frá eftirlitsþegum og almenningi eru einungis jákvæð.

HER er hér eftir sem áður tilbúið í samráð og samstarfs við ANR ef áhugi er fyrir hendi. Það er von Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið skoði þessi mál af opnum hug með heill almennings að leiðarljósi, krafna um ríka upplýsingagjöf og tilgang Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur með birtingunni.

Virðingarfyllst

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Árný Sigurðardóttir
framkvæmdastjóri



RE: Svar UST vegna birtinga niðurstaðna úr eftirliti til UAR

Bréf: Bréf

Upplýsingar um viðskiptavin:

Netfang: "Frigg Thorlacius"

<frigg.thorlacius@umhverfisstofnun.is>

Eigandi skjals: Árný Sigurðardóttir

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 17.05.2019

Dagsetning skjals: 17.05.2019

Notandi: "Frigg Thorlacius" <frigg.thorlacius@umhverfisstofnun.is>

Dagsetning: 17.5.2019 11:43:42

Til: "Árný Sigurðardóttir" <arny.sigurdardottir@reykjavik.is>

Efni: RE: Svar UST vegna birtinga niðurstaðna úr eftirliti til UAR

Sæl,

Meðfylgjandi er umsögnin.

Bestu kveðjur, Best regards

Frigg Thorlacius

Lögfræðingur, Lawyer

Svið efna, eftirlits og veiðistjórnunar, Department for Designation of Nature Protection Areas and Pollution Permits

tolvupostur-signature.png

Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland

Sími / Phone: +354 591 2000

Bréfasími / Fax: +354 591 2010

Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer)

From: Árný Sigurðardóttir <arny.sigurdardottir@reykjavik.is>

Sent: miðvikudagur, 15. maí 2019 11:34

To: Frigg Thorlacius <frigg.thorlacius@umhverfisstofnun.is>

Cc: Glóey Helgudóttir Finnsdóttir <Gloey.Helgudottir.Finnsdottir@reykjavik.is>

Subject: Svar UST vegna birtinga niðurstaðna úr eftirliti til UAR

Sæl Frigg



Reykjavíkurborg

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Ég óska eftir að fá sent afrit af svari Umhverfisstofnunar sem mér skilst að hafi verið sent ráðuneytinu fyrir nokkru, vegna birtingar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur á niðurstöðum úr reglubundnu eftirliti á vef embættisins.

Með kveðju,

Árný Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Borgartún 12, 105 Reykjavík

www.reykjavik.is/heilbrigdiseftirlit

arny.sigurdardottir@reykjavik.is

S: 411 1111,

Reglur um trúnað í tölvupóstsendingum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar

í svarthvítu ef nauðsyn krefur.  - image001.png

 - Umsögn - birting gagna á vefsíðu Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur.pdf

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

Reykjavík 17. apríl 2019
UST201812-183/F.T.
06.03.00

Efni: Umsógn – birting gagna á vefsíðu Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur

Umhverfisstofnun vísar í bréf umhverfis- og auðlindaráðuneytisins frá 18. desember 2019 þar sem erindi Samtaka atvinnulífsins (SA) frá 18. desember 2018 var framsent stofnuninni með vísan til yfirumsjónar- og eftirlitshlutverks stofnunarinnar með heilbrigðiseftirliti skv. 51. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Í erindi samtakanna er þess óskað að tekin verði til skoðunar birting heilbrigðisnefndar Reykjavíkur á niðurstöðum úr matvæla- hollustuhátta- og mengunarvarnaeftirliti á heimasíðu sinni. Auk þess að birta niðurstöður eftirlits á vefsíðu sinni, flokkar nefndin þau fyrirtæki sem hún hefur eftirlit með eftir frammistöðu, á skalanum 0 til 5. Að mati samtakanna er lagaheimild ekki fyrir hendi til slíkrar flokkunar.

Í erindi SA er fjallað um niðurstöður eftirlits úr matvæla- hollustuhátta- og mengunarvarnaeftirliti. Stofnunin bendir á að eftirlit með matvælum fellur ekki undir verksvið stofnunarinnar, samkvæmt 22. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli hefur heilbrigðisnefnd, undir yfirumsjón Matvælastofnunar, opinbert eftirlit með framleiðslu og dreifingu matvæla.

Hollustuhættir og mengunarvarnir eru á verksviði Umhverfisstofnunar en um þau málefnasvið er fjallað í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laganna skal atvinnurekstur sem talinn er upp í viðaukum I-V hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndir gefa út. Skv. 1. mgr. 54. gr. laganna skal eftirlit vera með atvinnurekstri, sbr. viðauka I–V, sem tekur til athugunar á öllum þáttum umhverfisáhrifa viðkomandi starfsemi sem máli skipta sem og hollustuhátta. Eftir hverja vettvangsheimsókn skulu eftirlitsaðilar taka saman eftirlitsskýrslu um vettvangsheimsóknina, sbr. 5. mgr. Skýrslan skal gerð aðgengileg á vefsvæði eftirlitsaðila eftir að rekstraraðili hefur fengið tækifæri til að koma að athugasemdum og brugðist hafi verið við þeim. Heilbrigðisnefndum og Umhverfisstofnun er því skylt að gera eftirlitsskýrslur aðgengilegar á vefsvæði sínu.

Samtökin telja það vera forsendu birtingar eftirlitsskýrslna heilbrigðisnefnda á grundvelli laga nr. 7/1998 að Umhverfisstofnun yfirfari skýrslur nefndanna áður en þær eru birtar

og gæti þess að þær samræmist skýrslugjöf og birtingu stofnunarinnar. Stofnunin bendir á að ekki er kveðið á um yfirferð Umhverfisstofnunar yfir skýrslur heilbrigðisnefnda í lögunum og telur stofnunin að slík skylda verði ekki leidd af yfirumsjónarhlutverki stofnunarinnar.

Á sameiginlegum fundum Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlitssvæða hefur hins vegar verið fjallað um birtingu eftirlitsskýrslna skv. framangreindu ákvæði og hefur stofnunin gert grein fyrir fyrirkomulagi stofnunarinnar á birtingu eftirlitsskýrslna og þannig veitt leiðbeiningar um birtingu. Sífellt er unnið að því að stuðla að aukinni samræmingu hvað varðar hollustuhátta- og mengunarvarnaeftirlit.

Í erindi samtakanna er einnig fjallað um frammistöðuflokkun þeirra fyrirtækja sem heilbrigðisnefndin hefur eftirlit með, á skalanum 0-5. Fram kemur að samtökin telja að engin lagaheimild sé fyrir hendi til að frammistöðuflokka fyrirtæki á grundvelli laga nr. 7/1998. Ekki er kveðið á um frammistöðuflokkun fyrirtækja í lögum 7/1998. Umhverfisstofnun ákvað fyrir nokkrum árum síðan, til að bæta upplýsingagjöf stofnunarinnar til almennings, að bæta myndræna framsetningu á heimasíðu sinni samhliða birtingu eftirlitsskýrslna. Til að efla upplýsingamiðlun hvað þetta varðar hafði Umhverfisstofnun samráð við Samtök atvinnulífsins um leiðir til myndrænnar framsetningar en meginmarkmiðið var að hrósa þeim fyrirtækjum sem stóðu sig vel. Niðurstaða þess samráðs var einföld framsetning á vefsíðu Umhverfisstofnunar sem varðar niðurstöðu eftirlits undangengins árs. Á vefsvæði þeirra rekstraraðila sem hafa verið frávíkalausir má finna myndræna framsetningu á því að viðkomandi hafi verið frávíkalaus það ár sem um ræðir. Eftirlitsskýrslur hafa verið birtar frá árinu 2011 og í skýrslunni kemur fram hvert umfang eftirlits er í hvert skipti. Niðurstaða um hvort viðkomandi rekstraraðili er frávíkalaus ræðst eðli málsins samkvæmt af umfangi eftirlits enda er ekki gert ráð fyrir því að í einni vettvangsferð sé unnt að fara með tæmandi hætti yfir alla þætti mengunarvarna. Framangreind framsetning hefur mælst vel fyrir enda einföld og skýr og, að mati stofnunarinnar, skapað nokkurn hvata hjá rekstraraðilum til aukins árangurs.

Það fyrirkomulag sem heilbrigðisnefnd Reykjavíkur hefur tekið upp hefur ekki verið til skoðunar í samræmingarvinnu Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlitssvæða. Kerfið felur í sér sömu aðferðafræði í frammistöðumati mengunarvarna, hollustuhátta og matvælamála. Ekki er kveðið á um slíka samræmingarskyldu í lögum. Hins vegar er kveðið á um samræmingu innan málaflokka svo sem mengunarvarna sbr. lög nr. 7/1998. Að mati stofnunarinnar eru framangreindir málaflokkar nokkuð ólíkir hvað varðar samskipti eftirlitsskyldra aðila og almennings/neytenda. Stofnunin gerir ráð fyrir að framangreind kerfi um frammistöðuflokkun eigi sér fyrirmynd í málaflokki matvæla en stofnunin tekur ekki afstöðu til flokkunarinnar hvað þann málaflokk varðar. Ekki hefur verið tekið til skoðunar hjá Umhverfisstofnun að stofnunin muni beita sér fyrir samræmdu kerfi hvað varðar flokkun frammistöðu á sviði hollustuhátta. Stofnunin bendir á að reglur um hollustuhætti eru mun matskenndari en reglur er varða mengunarvarnir sem þýðir að mati Umhverfisstofnunar að samræming slíks frammistöðukerfis yfir landið yrði talsverð áskorun.

Þegar um er að ræða atvinnurekstur sem Umhverfisstofnun veitir starfsleyfi á grundvelli reglna um mengunarvarnir eru samskipti almennings og rekstraraðila með nokkuð öðrum hætti hvað það varðar að sjaldnast er um að ræða bein eða dagleg viðskipti þó að almenningur geti orðið fyrir áhrifum á degi hverjum. Má í því sambandi nefna álver,

kísilver, fiskeldisfyrirtæki, urðunarstaði o.fl. Rétt er að benda á að Umhverfisstofnun byggir sitt kerfi á eftirlitsskýrslu þess árs ásamt öðru eftirliti innan þess árs og tekur þannig einungis til ákveðins tímabils. Nýtt kerfi heilbrigðisnefndar Reykjavíkur virðist unnið í nær rauntíma. Hafa verður jafnframt í huga að farið er í eftirlit með ákveðunum fyrirtækjaflokkum á allt að 3 ára fresti og mun því sú einkunnargjöf sem ein eftirlitsheimsókn leiddi af sér vera sýnileg almenningi í langan tíma. Mengunarvörnum gæti hins vegar hrakað mjög eða elfst mjög á tímabilinu. Verður því að spyrja sig þeirrar spurningar hvort af þessu gæti leitt að verið sé jafnvel að veita almenningi villandi eða misvísandi upplýsingar þar sem þær verða orðnar gamlar.


Um leið og aðgengilegar myndrænar upplýsingar geta falið í sér umtalsvert bætta þjónustu er mikilvægt að mati Umhverfisstofnunar að slíkar upplýsingar sem fela í sér frammistöðuflokkun verði að vera vel ígrundaðar þar sem um verulega hagsmuni er að ræða. Telur stofnunin rétt að áður en slík kerfi eru tekin í notkun þurfi að eiga sér stað samráð og aðdragandi þannig eftirlitsskyldum aðilum sé gefið tækifæri til að koma á framfæri ábendingum og gera ráðstafanir til undirbúnings.

Eins og gerð er grein fyrir hér að framan er ekki kveðið á um frammistöðumat í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Sú löggjöf byggir á reglum EES-samningsins um mengunarvarnir. Ekki hafa enn sem komið er verið settar samræmdar evrópskar reglur um þetta efni. Ljóst er að ekki er fullkomið samræmi fyrir hendi á landinu öllu en unnið er að aukinni samræmingu með hollustuhátta- og mengunarvarnaeftirliti. Þar má nefna nýmælið landsáætlun eftirlits skv. 3. mgr. 54. gr. laga nr. 7/1998, áhættumat o.fl. Stofnunin telur mikilvægt að upplýsingum sé komið til almennings en bendir á mikilvægi þess að framsetning sé ekki villandi, þ.e. t.d. ef upplýsingar um stöðu rekstraraðila úreldast.

Virðingarfyllst



Kristín Linda Árnadóttir
forstjóri



Frigg Thorlacius
lögfræðingur



greinargerð

Hlutverk Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) er að sinna samræmdu eftirliti með atvinnurekstri innan starfssvæðis þess. Í því felst að HER hefur reglubundið eftirlit með öllum þáttum umhverfisáhrifa viðkomandi starfsemi, svo sem loft-, hljóð- og lyktarmengun, matvælaöryggi, efnamálum og hollustuháttum, þ.m.t. mat á hvort húsnæði sé heilsuspillandi eða ekki. Um er að ræða eftirlit sem HER er skylt að framkvæma samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, lögum um matvæli nr. 93/1995, lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, efnalögum nr. 61/2013, lögum um tóbaksvarnir nr. 6/2002 og fjölda annarra laga auk reglugerða settum með stoð í þeim. HER heldur einnig úti umhverfisvöktun með ám, vötnum, strandsjó og loftgæðum. HER hefur ríka fræðslu- og leiðbeiningarskyldu bæði til fyrirtækja undir eftirliti og almennings sem eru mikilvægustu viðskiptavinir HER ásamt umhverfinu. HER vinnur að framfylgd ofangreinds í umboði heilbrigðisnefndar.

Heimildir og skyldur til birtinga niðurstaðna eftirlits er að finna víða í löggjöfnni. Þannig ber samkvæmt lögum nr. 7/1998 að birta eftirlitsskýrslur á vefsvæði eftirlitsaðila. Þá kveða lög nr. 93/1995 á um að þeim tilgangi laganna að tryggja gæði, öryggi og hollustu matvæla skuli ná með innra eftirliti, áhættugreiningu, rekjanleika afurða og vara, varúðaraðgerðum, fræðslu, upplýsingamiðlun, rannsóknum, neytendavernd og opinberu eftirliti. Þetta er í samræmi við sjónarmið um neytendavernd og gagnsæja stjórnýslu og er m.a. útfært nánar í reglugerð nr. 320/2012 um birtingu niðurstaðna vegna eftirlits með matvælum.

Til viðbótar við lög og reglugerðir sem lúta beint að heilbrigðis-, umhverfis- og matvælaeftirliti fjalla upplýsingalög nr. 140/2012 um rétt almennings til aðgangs að upplýsingum og svo sérstaklega um upplýsingar er varða umhverfismál í nýjum kafla laganna þar um. Markmið upplýsingalaga er að tryggja gagnsæi í stjórnýslu og við meðferð opinberra gagna og styrkja þannig upplýsingarétt og tjáningarfrelsi í lýðræðissamfélagi, aðhald fjölmiðla og almennings að stjórnvöldum, möguleika fjölmiðla til að miða upplýsingum og efla traust á stjórnýslunni. Í kaflanum um upplýsingarétt um umhverfismál er skilgreint hvað teljist umhverfismál og er sú skilgreining mjög víð¹. Nánar tiltekið falla innan þeirrar skilgreiningar hvers kyns upplýsingar í rituðu, sjónrænu, heyranlegu, rafrænu eða einhverju efnislegu formi um m.a. ástand afmarkaðra þátta í umhverfinu, þætti sem varða efni, hávaða, úrgang og geislun. Einnig skal veita upplýsingar um ástand sem varðar heilbrigði manna og öryggi þ.m.t. mengun í fæðukeðjunni. Sérstök frumkvæðisskylda er lögð á stjórnvöld þegar upplýsingar um umhverfismál eru annars vegar, þau skulu vinna að því að gera slíkar upplýsingar aðgengilegar almenningi og þeim er ævinlega skylt að hafa frumkvæði að upplýsingagjöf sé ástæða til að ætla að frávik vegna mengandi efna í umhverfi geti haft í för með sér hættu eða skaðleg áhrif á umhverfi eða heilsu fólks eða dýra. Þá koma hvorki almenn undanþáguákvæði laganna né sérstök ákvæði laga um þagnarskyldu í veg fyrir rétt almennings til að fá upplýsingar um mengandi losun út í umhverfið. Þetta þýðir í raun að réttur

¹ 29. gr. upplýsingalaga - Skilgreining á upplýsingum um umhverfismál.

Með upplýsingum um umhverfismál er átt við hvers kyns upplýsingar í rituðu, sjónrænu, heyranlegu, rafrænu eða einhverju efnislegu formi um:

ástand afmarkaðra þátta umhverfisins, svo sem andrúmslofts og lofthjúps, vatns, jarðvegs, lands, landslags og náttúruminja, þ.m.t. votlendis og strand- og hafsvæða, líffræðilegrar fjölbreytni og þátta hennar, þ.m.t. erfðabreyttra lífvera, og samspil milli þessara þátta, þætti á borð við efni, orku, hávaða, geislun eða úrgang, þ.m.t. geislavirkan úrgang og losun hvers kyns efna og þátta út í umhverfið sem hafa áhrif á eða líklegt er að hafi áhrif á þá þætti í umhverfinu sem um getur í 1. tölul., ráðstafanir í tengslum við stefnumótun, löggjöf, skipulags- og framkvæmdaáætlanir og samninga á sviði umhverfismála sem hafa eða líklegt er að hafi áhrif á þá þætti sem um getur í 1. og 2. tölul., auk kostnaðar- og ábatagreiningar eða annars konar hagkvæmnigreiningar sem notuð er í tengslum við ákvarðanir um slíkar ráðstafanir, ástandið að því er varðar heilbrigði manna og öryggi, þ.m.t. mengun í fæðukeðjunni, lífsskilyrði fólks, menningarmínjar og mannvirki að svo miklu leyti sem þau verða eða líklegt er að þau verði fyrir áhrifum vegna ástands þeirra umhverfisþátta sem um getur í 1. tölul. eða vegna þeirra atriða sem um getur í 2. tölul.



Almenningi til aðgangs að upplýsingum er varða umhverfið og skylda stjórnvalda til að afhenda slík gögn og taka frumkvæði í birtingu þeirra er mun ríkari en þegar um er að ræða önnur opinber gögn eða upplýsingar í fórum stjórnvalda. Þetta staðfesta einnig úrskurðir sem hafa fallið hjá úrskurðanefnd um upplýsingamál þar sem kemur fram að upplýsingar um umhverfis- og matvælamál eiga erindi við almenning og skal ekki haldið leyndum, jafnvel þó birting þeirra geti mögulega haft áhrif á rekstur og samkeppnisstöðu rekstraraðila².

Í kjölfar eftirlits HER til rekstraraðila er unnin eftirlitsskýrsla. Drög að niðurstöðum hennar eru send rekstraraðila til athugasemda áður en gengið er frá endanlegri skýrslu sem aðgengileg verður almenningi. Þannig er andmælaréttur rekstraraðila tryggður og þeim veitt færi á úrbótum. Framsetning niðurstaðna úr eftirliti hjá HER á heimasíðu er gerð með einföldum hætti með tjákni („broskallar“), litum, textaskýringu og tölustöfum. Þannig er tryggt að upplýsingarnar séu aðgengilegar og skiljanlegar sem flestum án þess að leggjast þurfi í lestur ítarlegra eftirlitsskýrslna. Skýrslurnar sjálfar eru svo afhentar samkvæmt beiðni til þeirra sem vilja kynna sér málin nánar.

Af framansögðu er ljóst að heilbrigðiseftirlitið hefur ríkar skyldur til að miðla upplýsingum um umhverfis- og matvælamál til almenningi. Þessi skylda nær ekki einungis til þess að afhenda gögn sé þess óskað heldur einnig til þess að taka frumkvæði að birtingu á því formi sem er aðgengilegt almenningi og tryggja þannig gagnæja stjórnsýslu og að almenningur geti tekið upplýstar ákvarðanir um mál er varða hann sjálfan, umhverfið, hollustu og heilbrigði. Framsetning HER á niðurstöðum úr eftirliti er í samræmi við þessar lagaskyldur og til þess fallin að ná markmiðum laga um gagnsæi og góða stjórnsýsluhætti.

Reykjavík 23. ágúst 2019

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra
Umhverfis- og skipulagssvið

² Sjá t.d. úrskurði Úrskurðarnefndar um upplýsingamál í eftirfarandi málum: ÚNU A-110/2000, ÚNU A-136/2011 og ÚNU A-321/2009